

LANDABRÉF

Fréttabréf Landfræðifélagsins

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Sigfús Jónsson, Njálsgötu 73, R.

1. tbl. 3. árg. febrúar 1981



Finnur Torfi Hjörleifsson
Halldór Eiríksson

UM ÞJÓÐGARÐA OG ÖNNUR FRIDUÐ LÖND

Það hefur varla farið fram hjá mörgum, að áhugi á ferðalögum hér innanlands hefur aukist mjög á síðustu áratugum. Áhugi á náttúruvernd hefur jafnframt vaxið mjög og e.t.v. haft áhrif á skynsamlegri landnýtingu en áður. Ein tegund landnýtingar er friðlýsing, sem náttúruverndarlög kveða á um. Saga friðlýsingar er eldri á Íslandi en búast mætti við, því strax á fyrsta tug þessarar aldar voru sett lög um friðun innlendra skóglenda og sandgræðslu. Sérstök náttúruverndarlög voru fyrst sett hér árið 1956. Núgildandi lög eru frá 1971.

Markmið friðlýsingar geta verið margþætt og reglur þar um mismunandi. Sem dæmi má nefna friðun í þágu vísinda og fræðslu, einkum með tilliti til verndunar einstakra tegunda lífvera eða tegundaafbrigða. Hér mun þó algengast að friða svæði í þeim tilgangi að vernda náttúrufar, en leyfa jafnframt fólki aðgang að svæðinu eftir tilteknum reglum.

Friðuð svæði og staðir - forsendur fyrir stofnun þjóðgarða

Samkvæmt náttúruverndarlögum þeim, sem nú eru í gildi eru friðuð svæði eða staðir með fernu móti:

1. Náttúruvætti. Þau eru sérstæðar náttúrumyndanir, svo sem fossar, eldstöðvar, hellar, drangar, svo og fundarstaðir steingervinga og sjaldgæfra steintegunda, sem mikilvægt er að varðveita sakir fræðilegs gildis þeirra eða sérstöðu.
2. Friðlönd. Þau eru landsvæði sem mikilvægt er að varðveita vegna sérstaks landslags, gróðurfars eða dýralífs.
3. Fólkvangar. Þeir eru friðlönd á vegum sveitarfélaga.

4. Þjóðgarðar. Í náttúruverndarlögum segir: „Sé landsvæði sérstætt um landslag, gróðurfar eða dýralíf eða á því hvíli söguleg helgi, þannig að ástæða sé til að varðveita það með náttúrufari sínu og leyfa almenningi aðgang að því eftir tilteknum reglum, getur Náttúruverndarráð lýst það þjóðgarð, enda sé svæðið ríkiseign.“

Auk svæða eða staða er samkvæmt lögum unnt að friðlýsa jurtir eða dýr, einnig náttúrumyndanir sem ekki eru staðbundnar (t.d. dropasteinar í öllum hellum).

Náttúruverndarráð er samkvæmt lögum formlegur framkvæmdaraðili um friðlýsingu, þótt undirbúningur og framkvæmd geti í reynd hvílt á öðrum aðilum, t.a.m. bæjar- eða sveitarfélögum, þegar um fólkvanga er að ræða.

Samkvæmt skrá um friðlýst svæði eða staði frá 21. apríl 1978 eru þau samtals 49 og skiptast þannig:

- | | |
|-----------------|----|
| 1. Náttúruvætti | 16 |
| 2. Friðlönd | 23 |
| 3. Fólkvangar | 7 |
| 4. Þjóðgarðar | 3 |

Eignarhald á friðlýstum svæðum eða stöðum getur verið með ýmsum hætti. Þau geta verið í einkaeign, land sveitarfélags eða ríkiseign. Þjóðgarðarnir hafa sérstöðu, þar sem þeir eru í ríkiseign.

Hvað veldur því, að sum friðuð svæði eru friðlönd, sum fólkvangar og önnur þjóðgarðar? Í náttúruverndarlögum er ekki að sjá mikinn mun á forsendum friðlýsingar þjóðgarða, fólkvanga eða friðlanda. Vægasta aðgerð friðlýsingar er að setja svæði eða stað á opinbera náttúrminjaskrá, en því fylgir ákveðinn forkaupsréttur og skipulagskylda. Reglur um friðlönd geta verið mjög ólíkar. Friðlýsing þjóðgarða gæti virst ná lengst og sennilega er stefnan þar að tryggja sem víðtækasta vernd, en ekki er víst að svo sé í reynd, a.m.k. ekki enn sem komið er. Reglugerð um Hornstrandir, sem er friðland, er að sumu leyti strangari en fyrir þjóðgarðana í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum. Það er e.t.v. framkvæmdaratriði hvort friðun lands beinist að þjóðgarði eða friðlandi.

Þjóðgarðarnir þrír

Þjóðgarðar á Íslandi eru nú þrír. Elstu þeirra er Þingvellir, sem friðaður var með lögum árið 1928. Stofnun þjóðgarðsins í Skaftafelli er miðuð við útgáfu reglugerðar um hann, 23. ágúst 1968. Jökulsárgljúfur voru gerð að þjóðgarði með reglugerð 21. júní 1973.

Allmikill munur er á stærð þjóðgarðanna. Þingvellir eru 27 km², Jökulsárgljúfur um 100 km² og Skaftafell um 500 km², sem er samtals rúmlega 1/2% af landinu.

Þingvellir hafa nokkra sérstöðu meðal þjóðgarðanna. Þjóðgarðurinn þar er stofnaður mjög snemma, eða um 40 árum áður en áhugi á landfriðun verður almennur. Hann var stofnaður með lögum frá Alþingi og stjórn hans kosin þar (Þingvallanefnd). Aðrir þjóðgarðar voru stofnaðir með reglugerð og fer Náttúruverndarrád með stjórn þeirra. Þá hvílir sérstök söguleg helgi á þessum stað, sem er m.a. ástæðan til stofnunar þjóðgarðsins þar.

Skipulag þjóðgarða og framkvæmdir

Um skipulag fyrir þjóðgarðana er ekki að finna formlegar samþykktir. Um skipulag þjóðgarða verður því ekki ráðið af öðru en framkvæmdunum sjálfum og ýmsum vinnuþlögum. Í náttúruverndarlögum er kveðið á um að komið sé upp nauðsynlegri hreinlætisaðstöðu, tjaldstæðum, gangstígum og öðru því sem auðveldar almenningi afnot af svæðinu og kemur í veg fyrir spjöll. Einnig á að veita almenningi leiðbeiningar um helstu leiðir um hið friðlýsta svæði. Hér koma fram tvö sjónarmið; að varðveita náttúrufar og veita almenningi aðgang að landinu, en þetta eru sjónarmið sem kunna að rekast á, eins og síðar verður vikið að.

Um skipulag þjóðgarðsins í Skaftafelli má segja, að þar hafi vel verið staðið að verki frá upphafi. Þjónustumiðstöð og tjaldstæði, sem tekin voru þar í notkun 1974, eru höfð í jaðri þjóðgarðsins. Engir akvegir liggja inn í þjóðgarðinn, heldur einungis gönguleiðir. Að vísu voru uppi hugmyndir að leggja bílveg upp á Skaftafellsheiði, en frá því var fljótlega fallið. Reynt er að fara svipaða

leið í Jökulsárgljúfrum, en þar eru þó aðstæður allt aðrar. Nú er verið að reisa þjónustumiðstöð utarlega í Ásbyrgi, sem er í jaðri þjóðgarðsins. Vegagerð hefur valdið deilum þar, því ekki eru allir á eitt sáttir um það, hversu lagt skuli gengið í þeim efnum. Þarna geta rekist á sjónarmiðin um varðveislu lands og að veita fólki aðgang að því. Í þessu sambandi er rétt að taka fram, að kyrrð er landkostur, sem einnig þarf að vernda. Það hefði verið mikil skemmd að leyfa bílaumferð inn í Morsárdal, þennan friðsæla stað.

Sjónarmið fatlaðra og þeirra sem erfitt eiga um gang, fléttast hér inn í. Eru þjóðgarðar eins og Skaftafell eingöngu fyrir göngumenn? Reynsla okkar sem landvarða segir okkur annað. Eftirsóttustu staðirnir þurfa ekki endilega að vera lengst í burtu. Í brekkum Skaftafellsheiðar rétt við þjónustumiðstöðina og bílastæðin er gróður- og fuglalíf hvað fjölskrúðugast og mörg einkenni þjóðgarðsins þar mest áberandi. Í þjóðgörrðum og öðrum friðuðum löndum þarf að hamla gegn ágangi bílaumferðar og draumurinn um tjaldstæði við eigin læk og runna fær þar ekki staðist.

Frankvæmdir í þjóðgörrðunum í þágu almennings hafa verið talsverðar. Aður var minnst á byggingu þjónustumiðstöðva. Göngustígar og stíkaðar slóðir hafa verið lagðar, göngubrýr smíðaðar (Morsárbrú 1979) auk útgáfu fræðsluefnis. Þá er sjálfsagt að nota þjóðgarða til ýmiss konar fræðslustarfsemi, t.d. um gróðurfur, dýralíf og jarðfræði í tengslum við námsefni í skólum. Hingað til hafa það einkum verið erlendir skólahópar sem slíka starfsemi hafa stundað í þjóðgörrðunum hér.

Aðsókn að þjóðgörrðum

Hér í lokin verður aðeins minnst á fjölda ferðamanna í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum.

Á tímabilinu 1975-1980 voru gistinætur í Skaftafelli á bilinu 12-15 þúsund. Síðastliðið sumar voru þær 14.315. Þessar tölur gefa ekki nákvæma mynd af fjölda ferðamanna,

Því gistinætur eru fleiri en tala ferðamanna. Á móti kemur, að erfitt getur verið að áætla dagdvöl manna, en talið er, að flestir hafi komið í Skaftafell 1974, eftir að hringvegurinn var opnaður, eða um 18 þúsund manns.

Í Jökulsárgljúfrum voru gistinætur á tímabilinu 1975-1979 um 4-5 þúsund. Síðastliðið sumar voru gistinætur þar samtals 6.974. Fjöldi ferðamanna dreifist á mjög stutt tímabil, einkum uppi á hálandinu, þar sem flestir koma í júlí og ágúst.

ÞÝÐINGIN

Eins og greint hefur verið hér í Landabréfinu er Landfræðifélagið að láta þýða danska bók um landafræði Íslands. Hér er um að ræða 2. útgáfu bókarinnar „Ísland“ sem ritstýrð er af H. Hedeman og M. Stender. Þetta er eiginlega ný bók því 2. útgáfan er tvöfalt lengri en sú fyrsta. Hefur einkum verið aukið við myndefni og töflur, en einnig eru nýir kaflar. Auk ritstjóranna eru 4 íslendingar höfundar að efni í bókinni. Þeir eru Guðmundur Magnússon, rektor, prófessor Ólafur Björnsson, Eggert Jónsson, borgarhagfræðingur og Gísli Kristjánsson, ritstjóri.

Hinn danski útgefandi, Gyldendal, áætlað að gefa bókina út í Danmörku sumarið 1981.

Að hinni íslensku þýðingu hafa unnið 9 manns. Þrátt fyrir marga þýðendur hefur verkið sóst seint. Uppkast að þýðingunni lá þó fyrir síðastliðið sumar og hefur síðan verið unnið að fínþússningu textans og samræmingu á orðanotkun. Hefur Dr. Sigfús Jónsson stjórnað því verki undanfarið og verður hann ritstjóri íslensku þýðingarinnar.

Landfræðifélagið hefur komist að samkomulagi við bókaútgáfuna Bjölluna um útgáfu íslensku þýðingarinnar. Samkvæmt því samkomulagi mun Landfræðifélagið skila sínum hluta verksins ekki síðar en 1. maí 1981. Prentun mun hefjast þá þegar. Er því óhætt að fullyrða að íslenska útgáfan komi út ekki síðar en í ágúst. Allt verður gert til að flýta útgáfunni sem mest án þess þó að það komi niður á gæðum verksins.

Margt hefur valdið því að íslenska útgáfan hefur tafist. Má þar nefna að vinna við myndefni bókarinnar af hálfu Gyldendal hefur dregist mjög á langinn og var það ekki fyrr en í byrjun jan. 1981 að Bjallan fékk það í sínar hendur.

Útkoma þessarar bókar verður að teljast nokkur viðburður. Ekki hefur verið um auðugan garð að gresja í útgáfu fræðiriti í landafræði á íslensku. Sérstaklega ætti bókin að koma að gagni í skólastarfi. Í grunnskólum er hún tilvalið ýtarefni við kennslu. Og vegna þess að hún er samin sem kennslubók fyrir danska menntaskóla er hún sérstaklega heppileg sem kennslubók í framhaldsskólum. Að auki er bókin mikil fengur öllum áhugamönnum um landafræði Íslands, og er vonast til að bókinni verði vel tekið af þeim. Verði svo má fullyrða að Landfræðifélagið láti ekki staðar numið hér við útgáfu fræðiriti um landafræði Íslands.

Eggert Lárusson

ÞEIR SEM HAFA LOKIÐ B.S. PRÓFI Í
LANDAFRÆÐI VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

1972

Ólafur Ö Haraldsson lauk námi maí 1972.
Framhaldsnám í Brighton, Englandi.
Nú framkvæmdastjóri Hagvangs.

1973

Bjarni Reynarsson lauk námi 1973.
Framhaldsnám í borgarlandafræði í Illinois, U.S.A.
Doktorspróf haustið 1980.
Vinnur hjá Borgarskipulagi Reykjavíkur.

Sigfús Jónsson lauk námi 1973.
Framhaldsnám í hagrænni landafræði í Newcastle, Englandi.
Doktorspróf í ársbyrjun 1981.
Vinnur hjá Framkvæmdastofnun ríkisins.

1974

Eggert Lárusson lauk námi maí 1974.
Framhaldsnám í landmótunarfræði Durham, Englandi.
Kennir í Flensborgarskóla, Hafnarfirði.

Hörður Gíslason lauk námi maí 1974.
Vann áður hjá Þróunarstofnun Reykjavíkurborgar.
Nú hjá Borgarhagfræðingum.

Tryggvi Jakobsson lauk námi september 1974.
Kennði áður í Flensborgarskóla, kennir nú í Hrafnagils-
skóla Eyjafirði.

Völundur Jónsson lauk námi 1974.
Vinnur hjá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins.

1975

Geir Arnason lauk námi janúar 1975.
Kennari við Kvennaskólann í Reykjavík.

Guðjón Sigurðsson lauk námi janúar 1975.
Fyrst um sinn bóndi á Kirkjuferjuháleigu, Ölfushreppi.
Nú skólustjóri að Laugum í Dalasýslu.

Páll Bergsson lauk námi september 1975.
Kennari Glerárskóla, Akureyri.

Sigurður R. Guðjónsson lauk námi 1975.
Framhaldsnám í heimskautafr. í Cambridge, Englandi.
Nú kennari við Vélskóla Íslands.

Sigurður G. Þorsteinsson lauk námi janúar 1975.
Vinnur hjá Framkvæmdastofnun ríkisins.

1976

Guðbjörg H. Kristinsdóttir lauk námi maí 1976.
Hefur unnið við kennslu á Húsavík.

Margrét Sigþórsdóttir lauk námi september 1976.
Kennari við Snælandsskóla, Kópavogi.

Ragnar Þorsteinsson lauk námi september 1976.
Kennari við Breiðholtsskóla, Reykjavík.

Torfi Karl Antonsson lauk námi maí 1976.
Kennari við Víghólaskóla, Kópavogi.

Úlfur Björnsson lauk námi maí 1976.
Kennari við Grunnskóla Barðastrandarhreppur.

1977

Arni J. Eliásson lauk námi maí 1977.
Vinnur hjá Rafmagnsveitum ríkisins.

Gísli Sváfnisson lauk námi september 1977.
Kennari í Hólabrekkuskóla.

Gréta Ásgeirsdóttir lauk námi janúar 1977.
Kennari við Héraðsskólann Laugum, S-Þingeyjarsýslu.

Guðjón Ó. Magnússon lauk námi janúar 1977.
Kennari í Langholtsskóla, Reykjavík.

Guðmundur Ingvarsson lauk námi maí 1977.
Framhaldsnám í kortagerð í Wisconsin, U.S.A.
Nú stundakennari við Jarófræðiskor, Háskóla Íslands.

Guðmundur Guðjónsson lauk námi september 1977.
Vinnur við gróðurrannsóknir hjá Rannsóknastofnun landbún-
áðarins.

Ólafur Haukur Jónsson lauk námi september 1977.
Kenndi áður á Sauðárkróki, nú kennari við Langholtsskóla,
Reykjavík.

Konráð Erlendsson lauk námi janúar 1977.
Kennari við Héraðsskólann Laugum, S-Þingeyjarsýslu.

Yngvi Þór Loftsson lauk námi maí 1977.
Vinnur hjá Borgarskipulagi Reykjavíkur.

1978

Birgir H. Sigurðsson lauk námi janúar 1978.
Framhaldsnám í skipulagi í Liverpool, Englandi.
Vann áður hjá Skipulagi Reykjavíkur.
Vinnur hjá Skipulagsstofnun höfuðborgarsvæðisins.

Guðjón Guðmundsson lauk námi maí 1978.
Kennari við Vihólaskóla, Kópavogi.

Guðmundur Guðmundsson lauk námi júní 1978.
Framhaldsnám í stjórnmálalandafræði í Vancouver, Canada.

Guðrún Þ. Gísladóttir lauk námi október 1978.

Guðmundur Sigvaldason lauk námi október 1978.
Áður kennari við Stórutjarnarskóla, Ljósavátnshreppi.
Vinnur nú hjá Fjórðungssambandi Norðlendinga.

Halldór Eiríksson lauk námi september 1978.
Kennari við Réttarholtsskóla, Reykjavík.

Inga Ingibjörg Guðmundsdóttir lauk námi janúar 1978.
Vinnur hjá Félagi leiðsögumanna.

Jónas Helgason lauk námi september 1978.
Vann sumarið 1978 hjá Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga.
Nú kennari við Árbæjarskóla, Reykjavík.

Jón Gauti Jónsson lauk námi janúar 1978.
Vann hjá Náttúruverndarráði til ársins 1980. Þá um sumarið
hjá Fjórðungssamb. Noról. Nú kennari við Glerárskóla, Akureyri.

Sigurður Sigursveinsson lauk námi ágúst 1978.
Áður kennari við Reykjanesskóla, Reykjarfj. hr. N-Ísafj.s.
Nú við framhaldsnám í St. Jóh'n's á Nýfundnalandi.

Sverrir Magnússon lauk námi júní 1978.
Skólastjóri Héraðsskólans að Skógum, A-Eyjafjallahreppi.

Þuríður Yngvadóttir lauk námi desember 1978.
Kennari við Varmárskóla, Mosfellssveit.

1979

Baldur Snær Ólafsson lauk námi maí 1979.
Kennari við Hagaskóla, Reykjavík.

Brynjólfur Sveinsson lauk námi október 1979.
Hefur unnið hjá Vegagerð ríkisins.

Emil Bóasson lauk námi maí 1979.
Áður hjá Orkustofnun.
Framhaldsnám í landnýtingu í Ontario, Canada.

Guðmundur Kr. Kristjánsson lauk námi maí 1979.
Áður stundakennari við Menntaskólann v/Hamrahlíð og Háskóla
Íslands.
Nú í framhaldsnámi í hagrænni landafræði í Lundi, Svíþjóð.

Guðrún Einarsdóttir lauk námi maí 1979.
Áður kennari Varmárskóla.
Nú kennari Úlduselsskóla, Reykjavík.

Guðrún Halla Guðmundsdóttir lauk námi febrúar 1979.
Framhaldsnám í París, Frakklandi.

Gunnhildur Skaftadóttir lauk námi október 1979.
Vinnur í banka, Keflavík.

Páll Benediktsson lauk námi desember 1979.
Áður kennari við Langholtsskóla, nú kennari við Grunnskóla
Garðabæjar.

Þorbjörg Kjartansdóttir lauk námi maí 1979.
Áður Verkfræðistofunni Forverk.
Vinnur nú hjá Skipulagi ríkisins.

Þorvaldur Bragason lauk námi maí 1979.
Áður hjá Landsbókasafni.
Nú hjá Landmælingum Íslands.

Þuríður Ástvaldsdóttir lauk námi maí 1979.
Kennari við Réttarholtsskóla, Reykjavík.

1980

Guðlaug Gísladóttir lauk námi júní 1980.
Framhaldsnám í kortagerð og landnýtingu í Reading, Englandi.

Guðrún Gísladóttir lauk námi júní 1980.
Framhaldsnám í kortagerð í Stockhólm, Svíþjóð.

Gunnfríður Hermannsdóttir lauk námi október 1980.
Kennari við Menntaskólann v/Hamrahlíð.

Valtýr Sigurbjarnason lauk námi október 1980.
Vinnur hjá Borgarskipulagi.

Sigríður Hauksdóttir lýkur námi febrúar 1981.

Samtals 54 manns

Núverandi starfsskipting B.S. landfræðinga, H.Í.:

Framhaldsnám við háskóla erlendis:

Alls 14, þar af 7 enn í námi. 7 komnir heim og starfa hér.
(þeir eru tvítaldir)

Þeir 7 starfa: hjá opinb. stofnunum (3)
við kennslu (3)
annað (1)

Vinna við kennslu: 29

Vinna hjá opinberu stofnunum: 14

Annað: 5

DOKTORSRITGERÐIR

Frá því síðasta Landabréf kom út hafa tveir landfræðingar varið doktorsritgerðir. Bjarni Reynarsson varði ritgerð sína um mynstur búferlaflutninga á höfuðborgarsvæðinu 1974-1976, við háskólann í Urbana, Illinois, í september s.l. Nú í byrjun janúar varði Sigfús Jónsson doktorsritgerð við háskólann í Newcastle upon Tyne og fjallar hún um þróun sjávarútvegs á Íslandi 1900-1940 og áhrif hans á byggðapróun.

Ritgerð Sigfúsar Jónssonar

Ritgerðin fjallar um þróun sjávarútvegs á Íslandi 1900-1940 og áhrif hans á byggðapróun. Í upphafi er gerð grein fyrir kenningum um áhrif útflutningsatvinnuvega, einkanlega frumvinnslugreina, á hagþróun og byggðapróun (staple/export-base theory). Þessum kenningum er síðan beitt til þess að útskýra helstu þætti í þróun íslensks sjávarútvegs 1900-1940 og þeim miklu áhrifum sem framfarir í sjávarútvegi höfðu á byggðapróun í landinu á þessum tíma.

Í fyrsta hluta ritgerðarinnar er auk áður nefndra kenninga fjallað um vistfræði helstu nytjastofna tímabilsins og gerð stutt grein fyrir helstu þáttum í þróun sjávarútvegs á síðari hluta 19 aldar og landfræðilegri dreifingu útgerðarstaða um aldamót.

Í miðhluta ritgerðarinnar, sem er í 5 köflum, er fjallað um fiskveiðar, fiskveiðiflota, fiskvinnslu, útflutning sjávarafurða og opinber afskipti af sjávarútvegi 1900-1940.

Í þriðja og síðasta hluta ritgerðarinnar er fjallað um áhrif sjávarútvegsins og skiptist sá hluti í 3 kafla.

Í þeim fyrsta er fjallað um áhrif á hagvöxt og utanríkisviðskipti. Þá eru með kortlagningu og landfræðilegum „entropy“ stuðli sýndar þær miklu landfræðilegu breytingar sem áttu sér stað varðandi löndun afla, flota og vinnuafli. Loks er mjög umfangsmikill kafli þar sem raktir eru helstu þættir í byggðaþróun 1900-1940.

Ritgerð Bjarna Reynarssonar

Megin tilgangur þessarar rannsóknar var að skýra hið flókna mynstur búferlaflutninga á höfuðborgarsvæðinu 1974 til 1976, með hjálp „lífsskeiðalíkansins“ (líkanið var valið sem fræðilegur grunnur fyrir þessa rannsókn vegna þess, að það líkan hefur reynt best af þeim fjölmörgu líkönum sem notuð hafa verið til að skýra búferlaflutninga innan borga á undanförunum áratugum.

Líkanið byggist á því, að hver fjölskylda er talin ganga í gegnum tímabil vaxtar, stöðugleika, samdráttar og upplausnar við lát maka og á hverju skeiði þykir fjölskyldan hafa sérstök, félagsleg, hagræn og íbúufræðileg einkenni. Mikilvægi þessa líkans fyrir rannsóknir á búferlaflutningum liggur í líkindum á því, að húsnæðisþarfarir fjölskyldunnar breytist mjög við ákveðna atburði eða skeið í lífshlaupi fjölskyldunnar og verði til þess að fjölskyldan flytji sig um set. Þannig munu margir flytja við eftirfarandi atvik; er þeir yfirgefa foreldra, ganga í hjónaband, þegar fjölskyldan stækkar, þegar börn fara að heiman og er maki deyr.

Allir þeir er flytjast búferlum á Íslandi, hvort sem er í næsta hús eða milli landshluta, þurfa að fylla út eyðublöð um aðsetursskipti frá Hagstofu Íslands. Þessi eyðublöð yfir alla búferlaflutninga innan höfuðborgarsvæðisins árið 1974 eru tölulegur grunnur þessarar rannsóknar. Heildarfjöldi flutningstilkynninga á höfuðborgarsvæðinu árið 1974 reyndist um 6.400. Af hverju eyðublaði voru skráðar niður ákveðnar upplýsingar og þær

síðan notaðar í rannsókninni. Á hverju eyðublaði eru nöfn þeirra er flytja saman (einstaklingar, sambýlisfólk og fjölskyldur), og myndar hvert eyðublað eitt tilfelli, sem kallað er búferli. Meðalstærð búferla á höfuðborgarsvæðinu þetta ár var 2,3. Heildarfjöldi allra einstaklinga er fluttu þetta ár innan svæðisins var 14.900, sem þýðir að 12,9% íbúanna fluttu sig um set innan höfuðborgarsvæðisins þetta ár. Hagstofan hefur aldrei birt neinar upplýsingar um búferlaflutninga innan sveitarfélaga, þannig að engar útgefnar upplýsingar hafa verið til um búferlaflutninga innan Reykjavíkur.

Reitagreining (ecological analysis) var grundvallar vinnuaðferð í þessari rannsókn. Höfuðborgarsvæðinu var skipt í 42 hverfi eða reiti og flutningar fólks innan og milli þessara reita rannsakaðir og bornir saman við félagslega samsetningu og húsagerðir í einstökum hverfum. Síðan voru þessir heildarstraumar búferlaflutninga milli hverfa brotnir niður í lífsskeiðshópa og aðra skylda félagshópa í um 30 undirflokkum í allt.

Fræðilegt framlag þessarar rannsóknar er talið vera tvíþætt. Í fyrsta lagi, að nota lífsskeiðalíkanið utan Norður Ameríku og þar sem það hefur mest verið notað við rannsóknir og aðlaga það íslensku (Evrópsku) borgarsamfélagi. Í öðru lagi, að sýna fram á mikilvægi þess, að taka tillit til einstaklinga og para er standa utan hjónabands við hönnun lífsskeiðalíkana, því lífsstíll þessa fólks er oft ólíkur lífstíl hjónafólks. Rétt er að geta þess í þessu sambandi, að lítið var áður vitað um búferlaflutninga innan höfuðborgarsvæðisins og hafa því ýmsar upplýsingar úr rannsókninni komið sér vel fyrir skipuleggjendur svæðisins í sambandi við ákvarðanatöku og stefnumörkun í skipulagsmálum.¹⁾

Lífsskeiðalíkanið reyndist mun betra tæki við að útskýra búferlamynstrið á höfuðborgarsvæðinu en höfundur hafði þorað að vona. Eina alvarlega fráviknið var lág tíðni búferlaflutninga í Breiðholtshverfum árið 1974, en þegar flutningatíðnin fyrir þessi hverfi var reiknuð út

fyrir næstu fjögur ár; óx tíðni búferlaflutninga í Breiðholtshverfum mjög ört eins og áætlað hafði verið. Tíðni búferlaflutninga í íbúðarhverfum virðist ganga í bylgjum eftir íbúðartegundum og aldri hverfanna.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær, að framsettar tilgátur um reykvíska fjölskyldu- og húsnæðishring verða að teljast réttar í öllum aðalatriðum.

Reykvíski húsnæðishringurinn um 1975 reyndist vera:

leiguíbúð
lítil blokkaríbúð
stærri blokkaríbúð
sérbýli
minni íbúð.

Í samræmi við lífsskeiðalíkanið flutti ungt fólk mest innan og til gróinna hverfa í Reykjavík (sambýlisskeið). Hjón 35 ára og yngri fluttu mest í nýjar blokkaríbúðir í Efra-Breiðholti (blokkarskeið). Hjón á aldrinum 35 til 50 ára fluttu til sérbýlishverfa í Reykjavík og grannbyggðunum (sérbýlisskeið). Hjón yfir fimmtugt fluttu mest milli gróinna hverfa miðsvæðis í borginni (blandað skeið). Eldra ógift fólk sækir í vaxandi mæli í nýleg blokkarhverfi. Enginn félagshópur er jafn mikið á faraldsfæti og nýgift fólk, en eldri hjón flytja mjög lítið. Barnafjölskyldur flytja tiltölulega mikið innan sama skólahverfis, en nýgift fólk og fráskilið flytur minnst innan sama hverfis. Í heild flytja borgarbúar ekki sérstaklega mikið samkvæmt hverfaflokkun eftir „félagslegri stöðu“, miðað við það sem gerist í borgum erlendis, þar sem félagsleg lagskipting er í fastari skorðum. Breytingar á félagslegri samsetningu íbúðahverfa í Reykjavík frá 1974 til 1976 eru þó umtalsverðar. Það er augljóst að með lóðaúthlutunarreglum og lánum til húsnæðisbóta og endurbótum á íbúðarhúsnæði má reyna að stýra búferlaflutningum innan höfuðborgarsvæðisins.

Staða Reykjavíkur innan höfuðborgarsvæðisins er umhugsunarverð. Til Reykjavíkur hefur flust mikill fjöldi einhleyps fólks og barnlaus sambýlisfólks, einkum í gróin

hverfi sem roskið fólk setti þegar svip sinn á. Barna-
fjölskyldur flytja stöðugt út í nýju hverfin, en ein-
hleypt, ógift og áður gift fólk, til eldri hverfa. Árið
1978 voru aðeins 60% reykvíkinga 20 ára og eldir í
hjónabandi móti 74% í grannsveitarfélögum. Tíðni bú-
ferlaflutninga eykst hröðum skrefum í Breiðholti. Barna-
fjölskyldur flytja úr blokkunum í sérbýlishúsnæði í Selja-
hverfi eða í grannbyggðunum en í blokkirnar flyst nú til-
tölulega mikið af einhleypu fólki og tekjulægri fjölskyld-
um en þar þjuggu upphaflega.

Bjarni Reynarsson

-
- 1) Á vegum Borgarskipulags Reykjavíkur (áður Þróunar-
stofnunar) hafa birst þrjár skýrslur eftir Bjarna
Reynarsson um búferlaflutninga innan höfuðborgar-
svæðisins: „Flutningatengsl Reykjavíkur“, „Heildar-
straumar“ og Félagshópar“. Fyrsta skýrslan fjallaði
aðallega um búferlaflutninga til Reykjavíkur og var
þróuninni skipt í þrjú tímarskeið: „Borgarmyndunar-
skeið“ 1880-1959, „Svefnbæjarskeið“ 1960-1974 „Lands-
byggðarskeið“ eftir 1975. Miðskýrslan og lokaskýrsl-
an fjalla um búferlaflutninga innan höfuðborgarsvæðis-
ins aðallega eitt ár, 1974. Í fyrrri skýrslunni eru
helstu kenningar um búferlaflutninga innan borgar
kynntar og grunnupplýsingar og vinnuaðferðir útskýrð-
ar. Þar er og, að finna greiningu á heildarbúferla-
stráumum það ár (1974). Í lokaskýrslunni er farið
út í fingreiningu á búferlamynstrinu samkvæmt forsögn-
um um búferlaflutninga félagshópa milli borgarhverfa
og húsagerða.

FRÁ ORDANEFND

Orðanefnd hefur þegar hafið söfnun tillagna að Þýðingum á erlendum fræðiorðum í landafræði. Til þess að reyna að virkja hinn almenna félagsmann betur birtir nefndin hér lista yfir 30 orð sem enn vantar að þýða á íslensku svo vel sé. Allar tillögur um þýðingu sem félagsmenn hafa fram að færa skulu skrifaðar á spjöld DIN A7 (7,5x10,5 cm) og sendar formanni Orðanefndar við fyrsta hentugleika, en hann er Ólafur H. Óskarsson, Logalandi 16, 108 Reykjavík. Ætlunin er að halda áfram og birta fleiri orð í næsta hefti Landabréfs.

Aborgine	Demography
Accessibility	Diffusion
Adiabatic	
Agglomeration	Entropy
Aggregation	Extensive farming
Albedo	
Anthropogeographie	Functional region
Archipelago	Habitability
Artesian well	Hamlet
	Hierarchy
Biogeography	Human geography
Bodengeographie	Humanized landscape
Breccia	
	Intensive farming
Central place	Interaction
Chorography	Integration
Chorologie	
Commuter	
Connectivity	

ERLEND LANDFRÆÐITÍMARIT Í BÓKASÖFNUN HÉR Á LANDI

Árið 1978 kom út Samskrá um erlend tímarit í íslenskum bókasöfnum og stofnunum. Viðbætir við samskrána kom út 1980 og hefur hann að geyma leiðréttingar og breytingar frá því samskráin kom út.

Skrá þessi geymir (eins og segir í titli hennar) upplýsingar um hvaða erlend tímarit og ritraðir eru keyptar í íslenskum bókasöfnum og stofnunum og er í henni einnig getið um forða safnanna af þessum ritum.

Í skránni má sjá að nokkuð er keypt af erlendum landfræðiritum á hérland söfn. Samskráin er stafrófsröðuð en ekki röðuð eftir efni. Af þessari ástæðu er efni í ákveðinni grein dreift og getur því verið erfitt að finna þau rit sem tilheyra greininni nema vitað sé um titla þeirra fyrirfram. Til hægðarauka fyrir þá sem áhuga hafa hefur verið reynt að taka saman landfræðilegt efni úr skránni til birtingar hér. Eflaust hefur eitthvað orðið útundan í þessum samtíningi en vonandi er að úttekt þessi verði einhverjum að gagni og auðveldi leit ef nálgast þarf eitthvert þessara rita. Samskrána og viðaukann er hægt að kaupa á Landsbókasafni Íslands.

Skrá um skammstafanir.

Amt	Amtsbókasafnið á Akureyri
Bbs	Borgarbókasafn Reykjavíkur
Frs	Framkvæmdastofnun ríkisins
Haf	Hafrannsóknarstofnunin
Hag	Hagstofa Íslands
Hbs	Háskólabókasafn
IR	Iðnskólinn í Reykjavík
KHI	Kennaraháskóli Íslands
Lbs	Landsbókasafn Íslands
NA	Náttúrugripasafnið, Akureyri
Nh	Norræna húsið
Nst	Náttúrufræðistofnun Íslands
Sm	Sjómælingar Íslands
US	Menningarstofnun Bandaríkjanna
VI	Veðurstofa Íslands
VST	Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen

- Albertan geographer. Edmonton.
Nst 1(1964)-
- American Society of Civil
Engineers. Surveying and Mapping
Division. Journal. N.Y.
Hbs 91(1965)-
VST 1971-
- Annales de géographie. Paris.
Lbs 30(1921)-42(1933)
- Association of American Geographers.
Annals. Lawrence (Kan.).
Hbs 48(1958)-
- Boletín de estudios geográficos.
B. Aires.
Nst 1(1948)-
- Bonner geographische Abhandlungen.
Bonn.
Hbs 1953-
Nst 6(1950)-
- Cahiers de géographie de Québec.
Québec.
Hbs 14(1970)- x
Nst 1(1956)-
- Colloquium geographicum. Bonn.
Nst 1(1951)-
- Commission géologique de Finlande.
Bulletin. Otaniemi.
Nst 88(1930), 108(1934), 135(1945)-
- Current geographical publications.
N.Y.
Hbs 40(1977)-
- Documentatio geographica. Bad
Godesb.
Nst 1(1966)-
- Dr. A. Petermann's Mittheilungen
(Eldra heiti: Justus Perthe's
geographische Anstalt. Mitteil-
ungen. Yngra heiti: Petermanns
geographische Mittheilungen).
Gotha.
Lbs 25(1879)-84(1938)
- Economic geography. Worcester
(Mass.).
Hbs 50(1974)- x
- Environment and planning. London.
Frs 1974-
- Focus. N.Y.
Hbs 14(1964)-
KHf 15(1965)-23(1973)x,
24(1973)-
Nst 7(1953)-
- Geo abstracts A. Landforms and the
Quaternary. Norwich.
Hbs 1976-
- Geo abstracts B. Climatology and
hydrology. Norwich.
Hbs 1976-
- Geo abstracts C. Economic geogra-
phy. Norwich.
Hbs 1976-
- Geo abstracts D. Social and his-
torical geography. Norwich.
Hbs 1976-
- Geo abstracts E. Sedimentology.
Norwich.
Haf 1974-
Hbs 1976-
- Geo abstracts F. Regional and
community planning. Norwich.
Hbs 1976-
Frs 1975-
- Geo abstracts G. Remote sensing
and cartography. Norwich.
Haf 1975-
Hbs 1976-
- Geoforum. Brschw.
Hbs 6(1971)-
- Geografisk tidsskrift. Kbh.
Hbs 71(1972)-
Lbs 1(1877)-
Nst 50(1950)-

- Geografiska annaler (Skiptist síðar í A og B). Sth.
Lbs 1(1919)-46(1964)
Nst 1(1919)-46(1964)
- Geografisk annaler. Ser. A.
Physical geography. Sth.
Hbs 43(1961)-
Lbs 47(1965)-
Nst 47(1965)-
- Geografiska annaler. Ser. B.
Human geograph. Sth.
Hbs 47(1965)-
Lbs 47(1965)-
Nst 47(1965)-
- Geografiska notiser. Lund.
KHf 1978-
- Geografiski zbornik. Acta geographica. Ljubljana.
Hbs 11(1969)-
- Geographica. Skrifter från Uppsala universitets geografiska institution. Upps.
Hbs 1(1936)-38(1968)
- Geographical bulletin. Ottawa.
Nst 1957-1967
- Geographical journal. London,
Lbs 12(1898)-
Nst 120(1954)-136(1970)
- Geographical magazine. London.
Lbs 1(1935)-11(1940)
- Geographical reports of Tokyo Metropolitan University
sjá
Tokyo Metropolitan University.
Geographical reports
- Geographical review. N.Y.
Hbs 20(1930)-26(1936), 48(1958)-
Lbs 17(1927)-27(1937)
Nst 4(1949)-
- Geographical Society. Journal.
London.
Lbs 1(1833)-42(1872)
- Geographischer Gesellschaft in Hamburg. Mitteilungen. Hamb.
Nst 30(1917)-51(1955) x
- Geographische Rundschau. Brachw.
Nst 1(1949)-19(1967)
- Geographische Zeitschrift. Wiesb.
Hbs 58(1970)-
Lbs 52(1964)-
- Geographische Zeitschrift. Beihefte. Wiesb.
Lbs 14(1966)-
- Glaciological notes. Tacoma (Wash.).
Hbs 45(1971)- x
Nst 1(1960)-43(1970)
- Glaciological research. Moskva.
Haf 24(1973)-
- Göteborgs universitet. Naturgeografiska institutionen. Rapport. Göteborg.
Haf 11(1978)-
- Hakluyt Society. Annual report. London.
Lbs 1959- x
- Hydrological sciences bulletin (Eldra heiti: International Association of Scientific Hydrology. Bulletin). Beltsville (Md).
Ork 17(1972)-
- Hydrology. Ámst.
Lv
- International Geographical Union
sjá
IGU

- IGU bulletin.
Hbs 20(1969)-27(1976) x
- IGU newsletter. Harlem.
Nst 7(1956)-
- Japanese journal of geology and geography. Transactions. Tokyo.
Hbs 30(1959)-43(1973) x
Nst 1961-
- Journal of geography. Chicago.
Nst 44(1950)-51(1952)
- Journal of the Royal Geographical Society
sjå
Geographical Society. Journal
- Journal of the Surveying and Mapping Division
sjå
American Society of Civil Engineers. Surveying and Mapping Division. Journal
- Justus Perthe's geographische Anstalt. Mitteilungen (Yngre heiti: Dr. A. Petermann's Mitteilungen). Gotha.
Lbs 1(1855)-24(1878)
- Kartographische Nachrichten. Bonn/Bad Godesb.
Sm 25(1975)-
- Kulturgeografi. Årh.
KHF 17(1965)-19(1967) x,
21(1969)-
Lbs 1(1949)-
- Kölner geographische Arbeiten. Köln.
Nst 1(1952)-
- Lund studies in geography. Ser. A.
Physical geography. Lund.
Hbs 1(1950)-
Nst 1(1950)-
- Lund studies in geography. Ser. B.
Human geography. Lund.
Hbs 1(1949)-
- Lund studies in geography. Ser. C.
General and mathematical geography. Lund.
Hbs 2(1962)-
Nst 1(1962)-
- Meddelanden från Ekonomisk-geografiska institutionen vid Svenska handelshögskolan
sjå
Svenska handelshögskolan. Ekonomisk-geografiska institutionen.
Meddelanden
- Mitteilungen der Geographischen Gesellschaft in Hamburg
sjå
Geographische Gesellschaft in Hamburg. Mitteilungen
- Moksliniai pranesimai. Geologija-geografija. Vilnius.
Nst 1955-1963
- National geographic.
Wash.
Amt 127(1965)- x
Bbs
Hbs 51(1927)-54(1928),
105(1954)-125(1964), 147(1975)-
IR 1971-
KHF 147(1975)-
US
- National Geographic Society.
Research reports. Wash.
Lbs 1963-
- Norges geografiske oppmåling.
Beretning om virksomheten. Oslo.
Lbs 1964-
Hbs 35(1955)-53(1968) x
- Norsk geografisk tidsskrift. Oslo.
Hbs 14(1953)-
Lbs 1(1926)-30(1976)
NA 23(1969)-
Nst 13(1952)-

- Norsk polarinstitutt. Meddelelser
(Eldra heiti: Norges Svalbard- og
Ishavsundersøkelser. Meddelelser).
Oslo.
Hbs 72(1953)-
Lbs 68(1949)-97(1968) x
Nst 1967-
- Norsk polarinstitutt. Skrifter
(Eldra heiti: Skrifter om Svalbard
og Ishavet). Oslo.
Hbs 96(1953)-
Lbs 84(1942)-144(1968) x
NA 115(1959)- x
Nst 84(1942)-
- Norsk polarinstitutt. Årbok. Oslo.
Hbs 1960-
NA 1959-
Nst 1960-
- Norske geografiske selskaps aarbok,
Kria.
Lbs 1(1889)-32(1921)
- Norske turistforenings årbok. Oslo.
Lbs 1872-1874, 1876-1961
Nh 1972-
- Petermanns geographische Mittei-
lungen (Eldra heiti: Dr. A.
Petermann's Mittheilungen).
Gotha.
Lbs 84(1938)-91(1945),
92(1948)-
- Polar geography. Wash.
Haf 1(1977)-
Hbs 1(1977)-
- Polar record. Cambr.
Haf 5(1950)- x
Hag 1966-
Hbs 1(1931)-
Lbs 4(1943)-
Na 12(1964)-
Nst 1(1931)-
Vi 1(1930)-
- Prezegląd geograficzny. Warsz.
Nst 1(1956)-
- Regional studies. Reading.
Frs 1974-
Skr 4(1970)-9(1975) x
- Rural research. Melb.
Rl 1952-
- Soviet geography. N.Y.
Hbs 15(1974)-
- Stockholms universitet. Naturgeo-
grafiska institutionen. Forsk-
ningsrapport. Sth.
Hbs 1(1968)-
Nst 1(1968)-
- Svensk geografisk årsbok. Lund.
Hbs 6(1930)-10(1934),
36(1960)-51(1975)
Lbs 1929-
Nst 1(1925)-
- Svenska handelshögskolan. Ekonomisk-
geografiska institutionen.
Meddelanden. Helsingfors.
Hbs 6(1956)-33(1971) x
- Svenska turistföreningen. Årsskrift.
Sth.
Lbs 1886-1974
Nh 1969- x
- Tokio Metropolitan University
Geographical reports. Tokyo
Hbs 1968-
Nst 1(1966)-
- Town and contry planning. London.
Skr 21(1953)-37(1969) x
- Town planning review. Liverp.
Skr 29(1958)-39(1969) x
- Universitas Comeniana. Acta
geologica et geographica.
Bratislava.
Nst 1(1958)-

Universitas Ouluensis. Institutum
geographicum. Publicationes.
Oulu.
Nst 1(1960)-

Ymer. Sth.
Hbs 1958-1975
Lbs 1(1881)-
Nst 1881-1970

University of Tokyo. Faculty of
Science. Journal. Sect. 2.
Geology, mineralogy, geography,
geophysics. Tokyo.
Hbs 12(1961)- x

Zeitschrift für Geomorphologie.
Neue Folge. Berlin.
Hbs 1(1957)-

Uppsala universitet. Kulturgeo-
grafiska institutionen. Forsk-
ningsrapporter. Upps.
Hbs 1(1965)-50(1974) x
Nst 1(1965)-


Zeitschrift für Gletscherkunde und
Glazialgeologie. Innsbr.
Nst 1949-1970

Urban abstracts London.
Hsk 1975-

Åbo akademi. Handelshögskolan.
Ekonomisk-geografiska institut-
ionen. Memorandum. Åbo.
Nst 1(1967)-

FYRIRLESTUR

Næsti fyrirlestur félagsins verður í Félagsstofnun
stúdentamánuðaginn 16. febrúar og hefst kl. 20:30. Þar
heldur dr. Bjarni Reynarsson erindi um búferlaflutninga
á höfuðborgarsvæðinu 1974-1976. Í mars mun Edgar Jackson
prófessor frá Alberta í Canada halda erindi um deilur
landeigenda og hagsmuna olíuviðnaðarins í Alberta. Sá
fyrirlestur verður nánar auglýstur síðar.



Spatial Variation of Capelin Grounds, Jan. - Apr. 1973-76
 Source: The Capelin Commission

**SKPTING AFLA
1975 - 1976, MEDALTAL**

